

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 76/1982 um lyfjadreifingu og lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 34/1985, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Páll Sigurðsson.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglum nr. 357/1990 um smíði og öryggisbúnað  
báta styttri en 6 m að lengd.**

## 1. gr.

Grein 1.2 orðist svo:

Reglur þessar gilda ekki um smábáta, sem blásnir eru upp með loftkenndu efni, vatna-  
sleða eða svifnökkva, sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr.  
51/1987 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga  
að máli.

*Samgönguráðuneytið, 1. október 1992.*

**Halldór Blöndal.**

Ragnhildur Hjaltadóttir.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni  
fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.**

## 1. gr.

Í stað: „þ.a. Arnarfjörður ... 600 lestir“ og „þ.a. Húnaflói ... 2 000 lestir“, í 1. mgr. 4. tl.  
3. gr. komi: þ.a. Arnarfjörður ... 700 lestir og þ.a. Húnaflói ... 1 500 lestir.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða  
til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Jón B. Jónasson.